

8. fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu
17. desember 2012 kl. 13:00 í utanríkisráðuneytinu

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

Fundarstjóri: Valgerður Sverrisdóttir, formaður.

Fulltrúar í samstarfsráði: Drífa Hjartardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jónas Þ. Þórisson, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Sigfús Ólafsson, Þórir Guðmundsson, Ragnar Gunnarsson, Pétur Bjarnason.

Starfsmenn utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands: María Erla Marelsdóttir, Engilbert Guðmundsson, Þórdís Sigurðardóttir, Guðni Bragason og Þórarinna Söebeck.

Inngangsorð formanns

Formaður setti fundinn og bauð fulltrúa í samstarfsráðinu velkoma til áttunda fundar ráðsins.

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður upplýsti að fundargerð 7. fundar samstarfsráðsins hafi verið birt á heimsíðu utanríkisráðuneytisins undir vefsvæði samstarfsráðsins.

2. Endurskoðuð þróunarsamvinnuáætlun og drög að tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2013-2016

María Erla fór yfir tillögur að breytingum á þróunarsamvinnuáætlun og kynnti þær samstarfsráðinu. Breytingarnar sem lagðar eru til eru minniháttar, fyrst og fremst hefur verið skerpt á orðalagi og upplýsingar uppfærðar í takt við breytingar á alþjóðavettvangi. Í tillögunni er þó að finna eitt nýtt viðfangsefni, greiningu á tvíhliða samstarfslöndum Íslands. Eftir umræður lýsti samstarfsráðið yfir stuðningi við breytingarnar og þar með nýja tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016.

3. Sameiginleg jafnréttisstefna UTN og ÞSSÍ í þróunarsamvinnu.

Þórarinna og Þórdís kynntu drög að jafnréttisstefnu á sviði þróunarsamvinnu, en um hana er kveðið í núgildandi þróunarsamvinnuáætlun. Meginmarkmiðið er að skerpa heildarsýn hvað varðar jafnrétti kynjanna í þróunarsamvinnu Íslands. Fagteymi í jafnréttismálum, sem í sitja fulltrúar utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ, hafa unnið drög að jafnréttisstefnu sem byggist bæði á alþjóðlegum samþykktum og yfirlýsingum og íslenskum lagagrundvelli. Hún kallast á við þróunarsamvinnuáætlun hvað varðar áherslusvið og tímaramma, en lögð er áhersla á fjögur megin svið: menntun, heilsu, auðlindir og umhverfi og konur, frið og öryggi. Lögð er áhersla á árangur og eftirfylgni, bæði hvað varðar tvíhliða og fjölpjóðlega þróunarsamvinnu sem og samstarf við félagasamtök. Í lok umræðna lýsti samstarfsráðið yfir stuðningi við stefnuna.

4. Ýmis mál frá ÞSSÍ: Leiðarljós ÞSSÍ í umhverfismálum; jarðhitaverkefni í Austur-Afríku; fiskveiðiverkefni í undirbúningi í Mósambík; héraðsverkefnið í Malaví - staða undirbúnings undirverkefna; úttektir 2012 og 2013

Engilbert sagði frá ýmsum málum sem snúa að ÞSSÍ en stofnunin hefur nýlega gefið út tvö skjöl, annarsvegar „sýn og starfshættir ÞSSÍ“ og hinsvegar „leiðarljós ÞSSÍ í umhverfismálum“. Hann greindi auk þess frá jarðhitaverkefni sem byggir á samstarfssamningi utanríkisráðuneytisins og Alþjóðabankans um nýtingu jarðhita í Austur-Afríku en ÞSSÍ er framkvæmdaaðili fyrsta hluta þess verkefnis. Jafnframt sagði hann frá helstu starfsemi ÞSSÍ í samstarfslöndum stofnunarinnar: Malaví, Mósambík og Úganda.

5. Úttekt á Alþjóðlega jafnréttisskólanum (GEST)

María Erla kynnti helstu niðurstöður óháðrar úttektar sem gerð var á starfsemi Alþjóðlega jafnréttisskólans (GEST) á Íslandi, en slík úttekt er forsenda fyrir því að skólinn geti orðið hluti af neti skóla HSP. Úttektin var afar jákvæð fyrir starfsemi skólans og leiddi auk þess í ljós að hann uppfyllir öll nauðsynleg skilyrði um fulla aðild að neti skóla HSP.

6. Önnur mál

Rætt var um næsta fund samstarfsráðsins sem halda þarf fljótlega sökum mikillar stefnumótunarvinnu sem verið er að vinna á sviði þróunarsamvinnu.

María Erla greindi frá því að í nóvember sl. kom teymi frá Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) til landsins og framkvæmdi sérstaka rýni á umgjörð þróunarsamvinnu Íslands. Slík rýni er forsenda þess að hægt sé að sækja um aðild að nefndinni og mun lokaskýrsla frá teyminu berast í janúar.

Fundi slitið kl. 15:10